

# Kvenfélagasamband Kópavogs

## Fundargerð aðalfundar 2022

**55. aðalfundur Kvenfélagasambands Kópavogs** var haldinn 19. maí 2022 í sal íþróttahúss Fagralundar. Furugrund 83, Kópavogi. Til fundarins mættu 15 konur og voru 10 frá Félagi kvenna í Kópavogi og 5 frá Freyju.

1. **Guðrún Viggósdótti varaformaður KSK** setti fundinn og bauð konur velkomnar kl.: 18:00 í forföllum formannsins Evu Michelsen.
  2. **Guðrún stakk uppá Jenný Jóakimsdóttur frá KÍ og félagskonu FKK** sem fundastjóra og Ragnheiði Sveinsdóttur ritara fundarins. Var það samþykkt.
  3. **Kjörbréfanefnd:** Framkomin kjörbréf frá félögunum voru samþykkt af fundinum
  4. **Frá Kvenfélaginu Freyju voru mættar:** Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, Guðrún S. Viggósdóttir, Ragnheiður Sveinsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir  
**Frá Félagi kvenna í Kópavogi þær** Anna Kristinsdóttir, Jenný Jóakimsdóttir, Bryndís S. Friðgeirsdóttir, Ásta Hjálmtýsdóttir, Rósa Jóhannsdóttir, Valdís Ösp Amad, Þórhildur Guðsteinsdóttir, Elín Guðrún Ingvadóttir, Guðrún B Tómasdóttir og Erla Líndal. Reyndist fundurinn lögmætur.
  5. **Ekki þurfti að kjósa í fjárhags- og alsherjarnefnd.** (þar sem engin fjárfrek verkefni eru í gangi)
  6. **Guðrún Viggósdóttir varaformaður flutti skýrslu stjórnar** og fór yfir starf KSK á árinu 2021, sem einkenndist af hinu „fordæmalaus COVID 19“ ári sem takmarkaði starfsemi allra kvenfélaga. Stjórnarkonur KSK hafa þó sinnt ýmsum verkefnum í nefndum þar á meðal afmælisnefnd Kvenfélagasambands Íslands. KSK útbjó 3 tillögur um framtíð Sambandsins og setti fram til félaganna fyrir nýafstaðna aðalfunda þeirra.
  7. **Ársreikningur KSK** lagður fram og lesinn upp af Ástu Hjálmtýsdóttur gjaldkera KSK. Inneign á banka 31.12.2021 var kr. 56.673.
  8. **Lagðar fram starfsskýrslur nefnda og reikningar**  
Skýrslu Orlofsnefndar flutti Guðrún S. Viggósdóttir formaður (Sjá hjál. gögn) Ásta Hjálmtýsdóttir gjaldkeri las upp ársreikning nefndarinnar Anna Kristinsdóttir formaður flutti skýrslu Mæðrastyrksnefndar og Ragnheiður Sveinsdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga nefndarinnar. Skýrslur og reikningar beggja nefnda voru samþykkt samhljóða. (Sjá hjál. gögn)
  9. **Lagðar fram starfsskýrslur aðildarfélaga:**  
Ólöf Pálína Úlfarsdóttir flutti skýrslu kvf. Freyju. Starfið einkenndist talsvert af samkomutakmörkunum vegna COVID 19. Nokkrar Freyjukonur taka þátt í nefndarstörfum fyrir Kópavogsbæ, félagsgjaldið er kr 5.000. Aðalfundur Freyju samþykkti að halda starfi KSK óbreyttu, en á þeirri forsendu að ný stjórn KSK haldi áfram að athuga möguleika á sameiningu við annað héraðssambands, eða athuga aðra kosti. Þá minnti Ólöf á að fyrir næsta aðalfund ættu félögin að koma fram með tillögur, sem varða hagsmuni bæjarbúa, til að senda bæjarstjórn og vekja þannig áhuga þeirra á kvenfélagsstarfi í bænum.
- Skýrslu Félags kvenna í Kópavogi flutti Bryndís S. Friðgeirsdóttir formaður FKK. Þeirra konur héldu 11 stjórnarfundum og ýmsar aðrar uppkomur þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Félagskonur voru 50 og árgjaldið er 12.000 (sjá skýrslur og reikninga í fylgiskjölum fundarins).
10. **Tillögur frá aðildarfélögum.** Engar tillögur höfðu borist stjórn fyrir fundinn.
  11. **Tilnefningar aðildarfélaga á fulltrúum í aðalstjórn og varastjórn**

### **Tilnefningar til Aðalstjórn KSK:**

*Formaður: Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir frá Freyju (NÝ)*

*Varaformaður: Guðrún S. Viggósdóttir frá Freyju og FKK ??*

*Gjaldkeri: Ásta Hjálmtýsdóttir FKK*

*Ritari: Ragnheiður Sveinsdóttir frá Freyju*

*Varastjórn KSK: Ágústa Bárðardóttir frá FKK)(NÝ)*

*Vantar aðra frá öðru hvoru félagi.*

### **Mæðrastyrksnefnd: 3+3**

*Formaður Anna Kristinsdóttir FKK*

*Elin Sigríður Jónsdóttir Freyja*

*Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir gjaldkeri Freyja (NÝ)*

*Ragnhildur Jónasdóttir vara Freyja*

*Erla Guðríður Lindal FKK*

*Guðrún Tómasdóttir FKK*

### **Orlofsnefnd: 2+2**

*Form Guðrún Viggósdóttir Freyja og FKK*

*Guðrún Helgadóttir, gjaldkeri*

*Rósa Jóhannsdóttir FKK*

*Guðrún Kristinsdóttir FKK (NÝ)*

### **12. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga KSK til 3ja ára.**

Hrefna Sölvadóttir f.h. Freyju og Helga Magnúsdóttir f.h. FKK

### **13. Engar tillögur voru til umræðu eða samþykktar.**

#### **14. Önnur mál:**

Jenný Jóakimsdóttir bar fundinum góða kveðju frá Dagmar E Sigurðardóttur forseta Kvenfélagasambandi Íslands.

Guðrún Viggósdóttir vakti máls á að félögin störfuðu meira saman og þannig auka áhuga kvenna í Kópavogi með auglýstum uppákomum t.d. í bæjarblöðunum. Einnig að semja góðar tillögur sem væru til hagsbóta fyrir bæjarbúa og koma þeim á framfæri til bæjarstjórnar, sem myndi etv. gera starf félaganna sýnilegra fyrir bæjarbúum. Guðrún Helgadóttir nefndi að kynna mætti nýjum konum í bænum starfsemi félaganna t.d. að taka þær með á uppákomur. Konur af erlendum uppruna eru orðnar margar í bænum, sem vert væri að félagskonur litu meira til þátttöku í starfinu.

### **15. Formaður slítur fundi um kl.: 20:00**

Guðrún Viggósdóttir varaformaður þakkaði fundarkonum góðan fund og óskaði Þórunni Kolbeins, nýjum formanni KSK til hamingju með embættið og afhenti henni silfurnælu KSK með góðum óskum. Þórunn þakkaði traustið og hlakkaði til samstarfsins með stjórn og samstarfskonum.

Ragnheiður Sveinsdóttir  
ritari KSK

*Veitingar á fundinum voru Samlokur og ávaxtabakki frá SÓMA..*